

Kliniskar leiðbeiningar um mat og viðbrögð við ofbeldi í nánnum samböndum.

Þessum leiðbeiningum er ætlað að vera hjálpartæki fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður við greiningu og fyrstu viðbrögð við ofbeldi í nánnum samböndum. Markmið þeirra er að auðvelda þolendum ofbeldisins að greina frá ofbeldinu svo hægt sé að meta afleiðingar þess á geðheilsu þeirra og vísa þeim á viðeigandi úrræði eða meðferð. Jafnframt að finna úrræði fyrir þolendur sem miða að því að auka öryggi þeirra og barna þeirra.

Hugtakið ofbeldi í nánnum samböndum vísar hér til þess ofbeldis sem á ensku er kallað *intimate partner violence*. Hér er gengið út frá eftirfarandi skilgreiningu:

Ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir, eða hefur orðið fyrir, af völdum sambylisaðila eða þess sem hann er í nánnu sambandi við. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt og felur í sér valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu. Það dregur úr þrótti þolandans, með því að auka á félagslega einangrun og takmarka persónufrelsi hans og aðgengi að stuðningsúrræðum.

Vinnuferli

Til að einfalda framsetningu er leiðbeiningunum skipt í þrjú vinnuferli. Á eftir skipuriti hvers vinnuferlis fylgja leiðbeiningar um framkvæmd einstakra verkþátta þess (sjá bakhlið).

Undirbúningur skimunarviðtals (bls.12)

Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður eru hvattar til að lesa vel allar leiðbeiningarnar og sérlega þar sem fjallað er um undirbúning fyrir skimunarviðtal.

Fyrstu viðbrögð við greiningu ofbeldis í nánnu sambandi (bls.17)

Ef skimunarviðtalið leiðir í ljós að skjólstaðingurinn býr við ofbeldi í nánnu sambandi ættu fyrstu viðbrögð heilbrigðisstarfsmannsins að vera þessi:

Hughreystið þolandann og segið honum að ofbeldi í nánnum samskiptum sé ekki óalgengt og fullvissið hann um að ofbeldið sé ekki hans sök.

Heilbrigðismat og skráning upplýsinga (bls.18)

Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður: skýri fyrir þolandanum að þau skrái þær upplýsingar sem hann veitir þeim svo þau eigi auðveldara með að finna viðeigandi og hjálpleg úrræði og að upplýsingarnar geti nýst meðferðaraðilum.

- Alltaf skal taka viðtal í einrúmi.
- Veitið almennar upplýsingar um skimunina og skýrið frá þagnarskyldu og meðferð upplýsinga.
- Útskýra að þetta er liður í heilbrigðismati.
- Taka verður tillit til aðstæðna einstaklinga, hverju sinni. (bls.13)

Þagnarskylda.

Upplýsingar sem koma fram um þig og fjölskyldu þína eru trúnaðarmál. Samkvæmt lögum er stundum skylda okkar að rjúfa trúnað. Á það við þegar grunur leikur á að þú eða annar þér tengdur sé í hættu. Þetta á einnig við um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar. Í slíkum tilvikum er málið rætt við þig áður ef kostur er. (bls.12)

Varnir og stuðningur vegna heimilisofbeldis (Abuse Protection Support)

Forgangsatíði er að reyna að tryggja að þolandinn, og börn hans ef við á, séu örugg. (bls.19)

Tilvísanir og eftirfylgd.

Í viðhengi A er listi yfir úrræði fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum. (bls.21)

Vinnuferli

